



204. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 5. maí 2020 kl. 13.00 að Austurvegi 65a, Selfossi.

Mætt: Helgi S. Haraldsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Páll Tómasson og Sigurhanna Friðþórsdóttir (í fjarfundabúnaði), Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Helgi S. Haraldsson formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Heimsfaraldur vegna Covid-19

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands skipti liði meðan samkomubann var í gildi þannig að helmingur starfsfólksins var að vinna heima annan hvern dag. Eftirlit hefur ekki verið mikið í fyrirtæki, en þess í stað hafa komið símtöl og tölvupóstar, til að sinna leiðbeiningarhlutverki.

Nú hefur samkomubanni verið aflétt að einhverju leyti þannig að í stað hámark 20 fullorðinna einstaklinga í sama rými verði nú leyft að hafa samkomur með 50 manns í einu. Tveggja metra fjarlægðarregla milli manna verði áfram í heiðri höfð. Nýjar leiðbeiningar hafa verið sendar til fyrirtækja í einstaklingsþjónustu s.s. hársnyrtistofa, sjúkrapjálfaflara ofl. vegna opunar með skilyrðum þar sem starfsemi var leyfð aftur 4. maí með takmörkunum skv. leiðbeiningum Sóttvarnarlæknis. Jafnframt er búið að opna tjaldsvæði en með hámark 50 manns á svæðinu í einu, nema hægt sé að hólfa tjaldsvæðið þannig að einungis 50 manns séu í hverju hólfi og þá með sér aðgang að hreinlætisaðstöðu.

Stefnt er að því að sundlaugar fái að opna fyrir fullorðna einstaklinga 18. maí.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áformar að gera úttekt á tjaldsvæðum á Suðurlandi á næstu dögum, ásamt lögreglu og brunavörðum.

2. Salmonellusýkingar

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fékk tilkynningu frá Matvælastofnun um fleiri en eina sýkingu af völdum Salmonellu föstudaginn 28. febrúar sl. – en þegar um er að ræða fleiri en einn sýktan einstakling þá er slíkt skilgreint sem faraldur og viðbrögð eftirlitsaðila eru í samræmi við það. Í samráði við Sóttvarnarlækni, tók HSL þátt í að taka viðtöl við sjúklinga skv. viðbragðsáætlun, eins og kom fram í fundargerð síðasta fundar. Var um að ræða 3 einstaklinga á sama aldri og á sama landssvæði. Þegar farið var að grennslast fyrir um frekari sýkingar af þessum toga kom í ljós að tveir einstaklingar til viðbótar á svipuðum aldri höfðu greinst með Salmonellu. Jafnframt greindust í mars tvö smábörn, annað þeirra á heima á Suðurlandi og hafði verið í heimsókn hjá ættingja sem var búinn að vera með einkenni frá meltingarfærum. Hitt barnið á heima í Hafnarfirði og eru engin tengsl milli þess og hinna sjúklinganna svo vitað sé. Allir þessi sjö einstaklingar sem sýni voru tekin frá greindust með

9/6

GSM



sömu sermisgerð af Salmonella Typhimurium. Líklegt er talið að fleiri einstaklingar sem voru í nánú samneyti við sjúklingana hafi verið sýktir af sömu bakteríu, en fengu ekki greiningu.

Af vef Landlæknis:

Salmonella er baktería með yfir 2000 afbrigði (sermisgerðir). Algengastar hér á landi eru S. Enteritidis og S. Typhimurium og er uppruni smits oftast af erlendum toga. Stærstu hópsýkingarnar hérlendis á síðastliðnum árum voru árið 1996 af völdum S. Enteritidis í rjómabollum og árið 2000, þegar S. Typhimurium barst með jöklasalati.

Margar sermisgerðir sýkja bæði menn og fjölda dýrategunda, þær algengustu eru m.a. nautgripir, svín og hænsnfé en einnig bera skjaldbökur og slöngur oft bakteríuna. Víða erlendis valda egg menguð með S. Enteritidis sýkingum í fólki.

Smitleiðir

Helsta smitleiðin er með menguðum matvælum. Beint smit manna á milli er fremur sjaldséð en kemur einna helst fyrir hjá einstaklingum sem annast sjúklinga með Salmonella sýkingu, ef handþvottur er ófullnægjandi.

Einkenni

Niðurgangur, ógleði, uppköst, kviðverkir og hiti, sem gengur í flestum tilfellum yfir á 4–5 dögum. Ef sýkingin hefur dreift sér til líffæra utan meltingarfæra geta komið einkenni frá sýkingarstað.

Meðgöngutími sýkingar, þ.e. tími frá smiti þar til einkenna verður vart, er 1–3 dagar í flestum tilfellum, en getur verið allt frá 6 klst. upp í 10 daga.

3. Starfsleyfi, tóbakssöluleyfi, umsagnir

a) Starfsleyfi

Málum lokið:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnúmer	Móttekið
2004016HS	Starfsleyfi - eigendaskipti	Vefjan ehf. - Mazzie ehf.	800	14.04.2020
2003067HS	Starfsleyfi - endurnýjun vegna eigendaskipta	Garðyrkjustöðin Ösp - Nord ehf.	806	30.03.2020
2003063HS	Starfsleyfi - endurnýjun	Hverabakki - Gróður ehf	845	26.03.2020
2003061HS	Starfsleyfi	Jarðhitasýning í Helliðarvirkjun - Orka náttúrunnar ohf.	816	25.03.2020
2003053HS	Starfsleyfi endurnýjun	Karlakór Selfoss v/samkomusal	800	23.03.2020
2003044HS	Starfsleyfi - nýtt	Heimagisting- Engjavegi 75 Selfossi - BSG ehf	800	17.03.2020

Afgreiðsla staðfest á þegar útgefnum leyfum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'GSM' and 'GSM'.



Mál í vinnslu:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2004142HS	Starfsleyfi Nýtt	Prosper ehf. vegna snyrtivöruframleiðslu	810	24.04.2020
2004120HS	Starfsleyfi - eigendaskipti	Vatnsból - Félagsbúið Holti 2	881	22.04.2020
2004115HS	Starfsleyfi endurnýjun	Fótaaðgerðastofa Sigurbjargar	800	22.04.2020
2004009HS	Starfsleyfi - Endurnýjun	Reykjagarður hf	850	03.04.2020
2004005HS	Starfsleyfi	Vinnubúðir við Suðurlandsveg - Íslenskir aðalverktakar hf.	816	01.04.2020
2004003HS	Starfsleyfi - Nýtt	Glass Cottages Iceland - AoY ehf.	851	01.04.2020
2003068HS	Starfsleyfi - Nýtt	Gisting Neðri Dal 3 - Leifur Birkir Logason	861	30.03.2020
2003051HS	Starfsleyfi - Endurnýjun	Vatnsveitan Brú ehf	805	23.03.2020
2003046HS	Starfsleyfi - breyting vegna eigendaskipta	Veitur ohf. v/vatnsveitu Hlíðarveitu	806	18.03.2020
2003026HS	Starfsleyfi endurnýjun	Strókur - dagdvöl	800	12.03.2020

Ofangreindar umsóknir í vinnslu eru samþykktar með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og/eða afgreiðslu skipulags- og byggingaryfirvalda.

Í auglýsingu:

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði voru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Auglýsingafrestur er liðinn og bærust engar athugasemdir við útgáfuna. Starfsleyfin verða því gefin út.

- Reykjagarður hf. Fossháls 1, 110 Reykjavík, vegna sláturhúss og kjötvinnslu að Dynskálum 42-46, 850 Hella – sjá slóð [hér](#)
- **Frestur til að gera athugasemdir er til og með 1. maí**
- Skeljungur hf. Borgartún 26, 105 Reykjavík – starfsleyfis vegna afgreiðslustöðvar eldsneytis að Faxastíg 36, 900 Vestmannaeyjum – sjá slóð [hér](#)
- **Frestur til að gera athugasemdir er til og með 21. apríl**

b) Afturköllun starfsleyfa:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2004045HS	Afturköllun starfsleyfis - Grundarland ehf	Heimagisting Tindastóll, Búðarstígur 8 - Jónas Smári Hermannsson	820	16.04.2020
2004010HS	Afturköllun starfsleyfis - Grundarland ehf	Sumarhús - Kiðjaberg lóð 112 - Grundarland ehf.	805	03.04.2020
2004008HS	Afturköllun starfsleyfis	Gisting Tryggvagata 4a - Jórunn Sigríður Birgisdóttir	800	02.04.2020
2004175HS	Afturköllun starfsleyfis	Sumarhús - Leynir Birta 2, Böðmóðsstöðum - Island ProTravel Deutschland GmbH	801	28.04.2020
2004007HS	Afturköllun starfsleyfis - Draumahöll ehf.	Au44 Hostel - Austurvegur 44, Selfossi - Draumahöll ehf.	800	02.04.2020

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'GSM' and other illegible marks.



c) Tóbakssöluleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttækid
2003057HS	Tóbakssöluleyfi, tímabundið	ÍBV Þjóðhátíð og fleira	900	24.03.2020
2004019HS	Tóbakssöluleyfi - endurnýjun	Fangelsið Litla-Hrauni	820	16.04.2020
2003069HS	Tóbakssöluleyfi - Endurnýjun	Víkurskáli, Austurvegi 18, Vík - E.Guðmundsson ehf	870	30.03.2020

d) Brennuleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttækid
2004017HS	Brennuleyfi - Jónsmessa 2020	Mýrdalshreppur	870	15.04.2020

e) Umsagnir til sýslumanna

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttækid
2004172HS	Rekstrarleyfi - Endurnýjun	Hjarðarból - Grasnytjar ehf.	801	28.04.2020
2004138HS	Rekstrarleyfi, endurnýjun	Gamla fjósið ehf - veitingastaður	861	24.04.2020
2004131HS	Rekstrarleyfi - endurnýjun	Húsadalur - Stjórnunótt ehf.	861	24.04.2020
2004114HS	Rekstrarleyfi - endurnýjun	Ingólfsskáli ehf.	816	21.04.2020
2004002HS	Rekstrarleyfi endurnýjun	Ferðapjónustan Núpum - Kvöldsol sf.	816	01.04.2020
2004001HS	Rekstrarleyfi - Nýtt	Glass Cottages Iceland - AoY ehf.	851	01.04.2020
2003066HS	Rekstrarleyfi - nýtt	Gisting Neðri Dal 3 - Leifur Birkir Logason	861	27.03.2020
2003062HS	Rekstrarleyfi - Endurnýjun	Orka náttúrunnar ohf. - Jarðhitasýning í Hellisheiðarvirkjun -	816	25.03.2020
2003058HS	Rekstrarleyfi, breyting.	Gott - S.B. Heilsa ehf.	900	24.03.2020
2003052HS	Rekstrarleyfi - Endurnýjun	Gistihús Íslands, Axelshúsi - Djúpmynd ehf.	816	23.03.2020

Lagt fram til kynningar/staðfestingar

f) Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttækid
2004187HS	Borg í Grímsnesi miðsvæði og útvistarvæði _ umsögn um deiliskipulagslýsingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	29.04.2020
2004184HS	Efri-Reykir, Bláskógabyggð - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	29.04.2020
2004183HS	Arnarstaðakot, Flóahreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	29.04.2020
2004170HS	Lindarbær 1C, Ásahreppi-Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	28.04.2020
2004165HS	Stórhólmi, Flóahreppi-Umsögn um lýsingu deiliskipulags	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	28.04.2020
2004152HS	Grenstangi III - Austur Landeyjum	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings eystra	860	26.04.2020



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2004151HS	Brú 2 - Rangárþing eystra - Deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	26.04.2020
2004143HS	Deiliskipulag Tjarnarstígur Stokkseyri - Skipulagslýsing	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	24.04.2020
2004132HS	Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra - Umsögn um aðalskipulagslýsingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	24.04.2020
2004006HS	Ásahreppur heildarendurskoðun aðalskipulags - Umsögn um lýsingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	01.04.2020
2003060HS	Athafnasvæði á Hellu í Rangárþingi ytra - umsögn um breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi.	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	25.03.2020
2003055HS	Miðbæjarsvæði á Hellu í Rangárþingi ytra - breytt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	23.03.2020
2003054HS	Atvinnusvæði á Hellu - Umsögn um deiliskipulag tillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	23.03.2020

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

Mat á umhverfisáhrifum

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2004190HS	Brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum - Umsögn um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	29.04.2020
2003045HS	Framleiðsla vetnis og metans við Hellisheiðarvirkjun - Umsögn um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	18.03.2020
1909010HS	Þórustaðanáma - Umsögn um frummatsskýrslu	Skipulagsstofnun	105	24.04.2020
1907097HS	Íspór í Þorlákshöfn, stækkun - Umsögn um frummatsskýrslu	Skipulagsstofnun	105	15.04.2020

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

4. Ársreikningur 2019

Endurskoðaður ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands lagður fram til afgreiðslu og var hann samþykktur og undirritaður.

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2019

Til kynningar

5. Innsend erindi og skýrslur

a. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. til umsagnar

Til kynningar og staðfestingar

b. Stjórnarsýsluúttekt KPMG á heilbrigðiseftirliti í landinu

Til kynningar

c. Brennisteinsvetnismælingar

Minnisblað um H₂S frá Veðurstofu Íslands þar sem farið var yfir mæligögn síðan um sl. páska. Þá mældust gildi sem teljast nokkuð há, eins og það er orðað í minnisblaðinu, en gildin eru ekki yfir mörkum reglugerðar nr. 514/2010 með breytingu nr. 715/2014. Einnig hafa borist bréf frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um sama efni, þar sem



talað er um „talsverðan“ styrk brennisteinsvetnis. Engu að síður eru gildin undir gildum í kröfum reglugerðarinnar. Í bréfi dags. 27. apríl er nefnt að gildi fari annars vegar í $126 \mu\text{g}/\text{m}^3$ miðað við klst. meðaltal í Norðlingaholti og hins vegar $102,5 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í Dalssmára. – Reglugerðin segir að tilkynningarmörk brennisteinsvetnis sé $150 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í þrjár klukkustundir samfellt. Ofangreind gildi ná því ekki.

d. Skýrsla um stuðning við fráveituframkvæmdir UAR

Fyrirkomulag stuðnings ríkisins við sveitarfélög vegna fráveituframkvæmda kynnt. Í skýrslunni kemur m.a. fram að ef höfuðborgarsvæðið er undanskilið þá eru einungis 23% landsmanna með viðunandi hreinsun á skólpi. Sérstaklega er fjallað um örplast í skýrslunni og þar er vísað í rannsókn Biopol sem bendir á að yfir 90% af örplasti sem fellur til á landi og rennur sem leysingavatn til sjávar kemur vegna slits á dekkjum, vega- og húsamálningu. Aðrar uppsprettur sem skipta máli eru þvottur og skipamálning. Hluti þessa plasts rennur um einföld hreinsivirki. Þar sem sér regnvatnslagnir eru ætti að vera hægt að fanga þetta plast s.s. með settjörnum og í vegköntum mætti nýta gróður í þessum tilgangi.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/08/Tillogur-ad-studningi-rikisins-vid-fraveituframkvaemdir-sveitarfelaga/>

Lagt fram til kynningar

e. Skýrsla um möguleika á nýtingu seyru EFLA

Verkfræðistofan Efla telur að skynsamlegt sé að nýta seyru til landgræðslu víðast hvar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu, en þar sé hægt að vinna metangas úr seyrunni og brenna það sem eftirl verður og vinna fosfór úr öskunni.

Efla bendir á að með tillögum skýrslunnar séu uppfyllt 6 af markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun: (7) Sjálfbær orka, (9) Nýsköpun og uppbygging, (11) Sjálflærbar borgir og samfélög, (12) Ábyrg neysla og framleiðsla, (13) Aðgerðir í loftslagsmálum og (14) Líf í vatni.

Lagt fram til kynningar

6. Önnur mál

a. Viðbragðsáætlun um loftgæði á Suðurlandi

Kynnt fyrstu drög að Viðbragðsáætlun um loftgæði fyrir Suðurland – nokkuð sem er á verkefnalista Heilbrigðisnefndar Suðurlands á þessu ári og ætti að koma til framkvæmda árið 2021.

Viðbragðsáætlunin er byggð á handbók fyrir sveitarfélög um efnið:

https://www.ust.is/library/sida/Loft/Vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun_Handbok_final.pdf

Sjá einnig áætlun um loftgæði á Íslandi sem var birt 2017:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=735dd264-cfa2-11e7-941f-005056bc4d74>

b. Könnun á fráveitumálum á verndarsvæði Þingvallavatns

Kynnt á fundinum. Kallað var eftir upplýsingum frá sumarhúsaeigendum á verndarsvæði Þingvallavatns um frágang á fráveitu sbr. reglugerð nr. 650/2006. Gögn eru að berast og unnið eru úr upplýsingum.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65
800 Selfoss
Sími: 480 8250

c. Skýrsla um fráveitur 2017-2019

Kynnt á fundinum. Unnið er að skýrslu að beiðni Umhverfisstofnunar.

d. Skýrsla um neysluvatn 2017-2019

Kynnt á fundinum. Unnið er að skýrslu að beiðni Matvælastofnunar.


e. Starfsmannamál

Skráð í trúnaðarmálabók

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:47


Helgi S. Haraldsson


Guðrún S. Magnúsdóttir


Bryndís Eir Þorsteinsdóttir


Páll Tómasson


Oddur Árnason


Sigurhanna Friðþórsdóttir


Sigrún Guðmundsdóttir